



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Yfirlit frá sendiráði Íslands í Brussel

Janúar 2017

Upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála

Efst á baugi

- Síðasti fundur sameiginlegu EES nefndarinnar á árinu 2016 var 2. desember sl. Á fundinum voru teknar upp 58 ESB-gerðir.
- Á fundinum voru einnig samþykkt þrjú álit EFTA ríkjanna innan EES varðandi tillögur að löggjöf. Varðar það fyrsta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um hömlur á rafrænum viðskiptum á grundvelli staðsetningar sem og annars konar mismunun á grundvelli ríkisfangs neytenda, búsetustað o.fl. (e. geo-blocking). Annað fjallar um málsmeðferð vegna fyrirhugaðra tilkynninga er varðar löggjöf ESB um þjónustuviðskipti. Þriðja varðar umgjörð ESB um þjóðhagsvarúð (e. EU Macro-Prudential Policy Framework). Álitin má finna [hér](#).
- Næsti fundur sameiginlegu EES nefndarinnar verður föstudaginn 3. febrúar 2017.

Ráð ESB samþykkir ályktun um samskipti við Vestur-Evrópuríki utan sambandsins

- Á tveggja ára fresti er samþykkt í ráðherraráði ESB ályktun um samskipti ESB við þau ríki í vestur Evrópu sem ekki eru aðilar að sambandinu. Þann 14. desember sl. samþykkti ráðið slíka ályktun um EES-samstarfið og tvíhliða samskipti við Ísland,

Undirbúningur hafinn að næstu rannsóknaráætlun 2021-2027

Almennt samráð í tengslum við mat á Horizon 2020 rannsóknaráætluninni er hafið. Markmiðið er að fá álit hagsmunaaðila, skoða hvernig til hefur tekist og hvað megi bæta, auk þess sem niðurstöðurnar verða nýttar til undirbúnings næstu rammaáætlunar. Þótt ný rannsóknaráætlun hefjist ekki fyrr en 2021 er undirbúningur þegar hafinn og er framkvæmdastjórn ESB um þessar mundir að leggja drög að **skipulagi næstu áætlunar**. Ísland hefur tekið þátt allt frá upphafi EES-samningsins og hafa háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki notið góðs af.

Ráðið hefur viðræður við Evrópuþingið um heildsölumarkaði fyrir reiki (e. wholesale roaming markets)

Þann 2. desember 2016 náðu samgönguráðherrar innan ESB samkomulagi í ráðherraráðinu um heildsöluverð fyrir reiki eða verðþak fyrir reiki. Mörg aðildarríki hafa áhyggjur af því að neytendur séu að borga hærra verð fyrir netinneign og gera kröfu um að viðræður við þingið muni skila sér í lægra verðlagi og betri niðurstöðu. Þetta er hluti af lagatillögum ESB sem vonast er til að taki gildi þann 15. júní 2017. Sjá nánar [hér](#).

Nýjar tillögur að reglum ESB um samræmingu almannatryggingakerfa

Þann 13. desember 2016 kynnti framkvæmdastjórnin nýjar tillögur að reglum er varða félagslegt öryggi, velferð og samræmingu almannatryggingakerfa á milli landa (e. EU rules on social security coordination). Tillagan breytir reglugerð ESB um félagslegt öryggi nr. 883/2004 og er markmiðið að styrkja frjálsa för vinnuafis, en einnig koma í veg fyrir misnotkun almannatryggingareglna. Tillögurnar fela í sér reglur um rétt til atvinnuleysisbóta og takmarka réttindi launafólks. Reglurnar þrengja skilyrði fyrir þá sem þiggja bætur í mismunandi löndum. Tillögurnar setja það sem skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum að launþegi frá öðru aðildarríki hafi unnið að minnsta kosti í þrjú mánuði í því aðildarríki áður en fyrri reynsla í öðrum aðildarríkjum er tekin með í reikninginn.

Samráð um löggjöf ESB sem er í mótun

- Framkvæmdastjórn ESB heldur úti heimasíðu þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið upp á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (e. public consultations) um stefnumótun ESB og fyrirhugaða löggjöf. Þarna gefst tækifæri fyrir íslenska aðila til að hafa áhrif á stefnumótun ESB.
- Vefsíðuna má finna [hér](#), en nefna má eftirfarandi dæmi um opin samráðsferli:
- Samráðsferli um stefnu ESB er varðar félagsleg réttindi. Sjá nánar [hér](#).
- Samráðsferli um áfangaúttekt á áætlun ESB um atvinnu og félagslega nýsköpun. Sjá nánar [hér](#).
- Samráðsferli um löggjöf ESB er varðar öryggi og skilvirkni sjóflutninga. Sjá nánar [hér](#).

Forgangsmál í löggjöf á næsta ári

Framkvæmdastjórnin, ráðið og Evrópuþingið hafa gefið út yfirlýsingu um helstu forgangsmál á sviði lagasetningar fyrir árið 2017. Í yfirlýsingunni er m.a. lögð áhersla á atvinnusköpun, fjárfestingu og hagvöxt í Evrópu. Þá er lögð áhersla á öryggismál í Evrópu og að stefna í málefnum innflytjenda verði bætt. Yfirlýsinguna má finna [hér](#).

Orkumál

Þann 30. nóvember 2016 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í einum pakka fjölmörg lagafrumvörp, stefnumarkandi skjöl og stoðefni á sviði orkumála undir heitinu „Hrein orka fyrir alla Evrópubúa“ (e. Clean Energy for all Europeans). Í pakkanum er að finna 11 lagafrumvörp sem saman eiga að mynda lagaramma ESB um orkumál frá árinu 2020 og munu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið nú taka þau til umfjöllunar. Sex gerðanna fela í sér breytingar á eldri gerðum en fimm eru nýjar. Framkvæmdastjórnin telur allar gerðirnar falla innan gildissviðs EES-samningsins.

Helstu efnissvið sem tillögurnar fjalla um eru orkunýtni, raforkuorkumarkaður, endurnýjanlegir orkugjafar, orkuöryggi, visthönnun og orkumerkingar.

Meginmarkmið þessara nýju tillagna og stefnumarkandi skjala er að auka orkunýtni, draga úr orkunotkun, auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa og að gera Evrópusambandinu kleift að uppfylla markmið sín um 40% minni losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030.

Umtalsverð vinna er nú framundan við að greina framkomnar tillögur og meta hvernig þær falla að íslenskum aðstæðum. Í ljósi sérstöðu íslensks orkumarkaðar varða tillögurnar Ísland mismikið en flestar þeirra þó að einhverju marki.

Frétt framkvæmdastjórnarinnar og tengla á allar tillögurnar, stefnuskjölin og stoðefni má finna [hér](#).

Umhverfismál - loftmengun

Þann 14. desember 2016 samþykktu Evrópuþingið og ráðherraráðið nýja tilskipun um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni. Um er að ræða endurnýjun á eldri tilskipun frá árinu 2001 sem tekin var upp í EES-samninginn. Í endurnýjaðri tilskipun eru heimildir til losunar fimm skaðlegra efna minnkuð umtalsvert.

Gert er ráð fyrir að þegar tilskipunin er að fullu komin til framkvæmda muni hún helminga neikvæð heilsufarsáhrif loftmengunar fyrir árið 2030. Sjúkdómar í öndunarferum eða dauðsföll vegna loftmengunar eru alvarlegt vandamál en talið er að um 450.000 manns í Evrópu látist fyrir aldur fram af þeim sökum.

Aðildarríkjum ESB ber að leiða tilskipunina í landslög fyrir 30. júní 2018 og skila tímasettri áætlun um hvernig þau hyggist ná markmiðum hennar fyrir árslok 2019. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Áhugaverðir tenglar

Upplýsingar frá ESB

Vefsíða EFTA-skrifstofunnar

Vefsíða Eftirlitsstofnunar EFTA

Vefsíða EFTA-dómstólsins

Vefsíða sendiráðs Íslands í Brussel

Twitter-síða sendiráðsins

Facebook-síða sendiráðsins

Stefna ESB um að minnka matarsóun

Framkvæmdastjórn ESB leggur áherslu á að bregðast við matarsóun í Evrópu en samkvæmt nýjustu tölum er áætlað að um 88 milljónum tonna af mat sé hent ár hvert innan ESB. Samkvæmt nýjum lagatillögum verður það á ábyrgð aðildarríkjanna að minnka matarsóun, fylgjast með neyslunni og deila upplýsingum sín á milli.

Samkvæmt aðgerðaáætlun ESB er stefnt að því að þróa samræmda stefnu innan ESB um aðferðir til að minnka matarsóun, að stuðla að samstarfsvettvangi milli aðildarríkjanna, samræma löggjöf og finna leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun og endurskoða umbúðir og líftíma matvöru. Meira um tillögurnar má finna [hér](#).

Nýtt lagafrumvarp hjá ráðinu um flugöryggi í Evrópu, flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og öryggi dróna

Þann 1. desember 2016 samþykkti ráðið fyrir sitt leyti tillögur að endurskoðuðum öryggisreglum um flugöryggi og nýtt umboð fyrir flugöryggisstofnun Evrópu (EASA). Reglunum er ætlað að bæta flugöryggi í Evrópu, samhliða því að hvetja til samkeppni og nýsköpunar. Því er spáð að flugumferð innan ESB muni aukast um 50% næstu 20 árin og er því mikilvægt að reglurnar taki tillit til þessa. Þá fela tillögurnar í sér almennar reglur er varða notkun og öryggi dróna innan ESB. Reglurnar munu ná til lítilla dróna sem notaðir eru sem leikföng og stærri dróna sem geta flogið jafn hratt og flugvélar. Um er að ræða almenna samningsafstöðu ráðsins um reglurnar. Næst taka við samningaviðræður við þingið um tillögurnar.

Stefnumótun á sviði menningar og miðlunar

Á fundi ráðherraráðs ESB á sviði menntunar, menningar, æskulýðsmála og íþróttar, sem haldinn var í lok nóvember var lögð fram **tillaga** að árið 2018 verði tileinkað evrópskri menningararfleifð.

Ákvörðun var tekin um að breyta **reglugerð** um Menningarborgir Evrópu til árána 2020-2033 þannig að Ísland, Noregur og Liechtenstein geti tekið þátt á því tímabili. Ferlið við að sækjast eftir útnefningu sem menningarborg getur tekið getur allt að sex ár og því var ákveðið að opna fyrir þátttöku EFTA ríkjanna innan EES nú þegar. „Menningarborgir Evrópu“ fyrir **árið 2020** voru kynntar, en þær verða Galway á Írlandi og Rijeka í Króatíu.

Einnig var kynnt staðan á sameiginlegum stafrænum markaði og á nýlega uppfærðri **fjölmíðlatilskipun ESB**, þar sem tillit er tekið til breyttrar neytendahegðunar og hraðrar tækniþróunar. Rætt var um mikilvægi menningar í alþjóðlegum samskiptum og hvernig nýta megi menningu til að stuðla að betri samskiptum við lönd utan Evrópu. Hér er yfirlit yfir **niðurstöður** fundarins.

Skólagjöld og stuðningskerfi í háskólum

Eurydice sem veitir upplýsingar og greiningar um menntakerfi og stefnur á því sviði innan Evrópu hefur gefið út árlega **skýrslu um skólagjöld og stuðningskerfi í háskólum í Evrópu**. Borin eru saman gjöld sem nemendur þurfa að greiða og hvernig stuðningskerfi háskólamenntunar eru byggð upp í mismunandi löndum. Hægt er að sækja útgáfuna **hér**. Einnig hefur Eurydice gefið út **samanburðarskýrslu** um laun kennara og skólastjórnenda skólaárið 2016-2017 og hvernig þau hafa breyst eða þróast frá fyrra ári. Upplýsingar um Ísland má finna í báðum þessum útgáfum.

Schengen - Fundir dóms- og innanríkisráðherra

Föstudaginn 9. desember 2016 fór fram í Brussel fundur dóms- og innanríkisráðherra ESB, en Ísland tók þátt í hluta fundarins vegna þátttöku í Schengen samstarfinu. Fundinn sótti Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri fyrir hönd innanríkisráðherra. Ráðherrarnir fengu kynningu á stöðuskýrslu um þróun bætts eftirlits á ytri landamærum Schengen svæðisins (e. entry-exit system). Kerfið hefur verið í mótun frá árinu 2013 og á að koma til framkvæmda árið 2020.

Í öðru lagi voru útlendinga- og flóttamannamálin í Evrópu til umræðu, með áherslu á innleiðingu aðgerða sem samþykktar hafa verið undanfarið. Þar var efst á baugi innleiðing reglugerðar um nýja landamæra- og strandgæslustofnun. Þá voru ráðherrarnir enn og aftur hvattir til að auka framlög vegna móttöku kvótaflóttamanna (e. resettlement), áframsendingu hælisleitenda (e. relocation) og til aðgerða Frontex og EASO á ytri landamærum í Grikklandi og á Ítalíu.

Í þriðja lagi var fjallað um baráttuna við hryðjuverk, með áherslu á endursendingar erlendra vígamanna. Forvarnarfulltrúi ESB gegn hryðjuverkum gaf nýverið út skýrslu um efnið.

Tillaga um rafrænt kerfi fyrir ferðaheimildir inn á Schengen svæðið

Í nóvember 2016 birti framkvæmdastjórn ESB tillögu að nýju rafrænu kerfi fyrir ferðaheimildir (e. European Travel Information and Authorisation System - ETIAS) inn á Schengen svæðið. Kerfið er sambærilegt hinu bandaríska ESTA kerfi. Það mun ekki hafa í för með sér neinar breytingar fyrir ferðir innan Schengen. ETIAS er liður í viðbrögðum vegna hryðjuverkaógnar og flóttamannavandans.

Árið 2015 ferðuðust 30 milljónir einstaklinga til Schengen svæðisins á grundvelli heimildar um vegabréfsáritanafrelsi. Þessi tala mun hækka með fleiri samningum um vegabréfaáritanafrelsi, nú síðast við Úkraínu og Georgíu.

Kerfið felur í sér eftirlit sem fer fram áður en ferðmenn koma á ytri landamæri Schengen, einkonar forskoðun. Ferðamaður fyllir út umsókn í ETIAS áður en hann leggur af stað í ferðalag og hefur landamæravörður þannig ákveðnar grunnupplýsingar um einstaklinginn þegar hann kemur á ytri landamæri og tekin er

ákvörðun um heimild til farar yfir landamærin. Synjunum um landgöngu mun fækka, enda vita einstaklingar fyrirfram í flestum tilvikum hvort þeir fá heimild til komu eða ekki.

Þetta er jákvætt bæði fyrir umferð á landamærum og fyrir einstaklingana sjálfa. Kerfið verður tengt við önnur upplýsingakerfi, þ. á m. EES, SIS og VIS. Ábyrgð á miðlæga hluta kerfisins verður hjá EU-Lisa og Frontex auk þess sem Europol mun sinna mikilvægu stoðhlutverki.

Kerfisbundið eftirlit á ytri landamærum Schengen

Í desember 2016 náðist samkomulag milli ráðsins og Evrópuþingsins um breytingar á 7. gr. Schengen landamærareglanna (e. Schengen Borders Code) sem fela í sér að íbúar innan Schengen skuli sæta kerfisbundnu eftirliti við för yfir ytri landamæri Schengen svæðisins. Ferðaskilríkjum verður flett upp í þar til gerðum gagnagrunnum á landamærastöðvum. Hingað til hafa Evrópubúar sætt lágmarkseftirliti, sem felur einungis í sér að einstaklingur sanni á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja á ytri landamærum. Breytingin er liður í aðgerðum til að auka öryggi á Schengen svæðinu í kjölfar hryðjuverkaárása í Evrópu.